



Fyrirtækjapáttur kjarasamninga og deilan við Brim

**Gylfi Arnbjörnsson,
framkvæmdastjóri ASÍ**



Atvinna fyrir alla



Fyrirtækjapáttur kjarasamninga

- Samið um fyrirtækjapátt kjarasamninga við SA (VSÍ) 1997
 - ASÍ mótaði stefnu um fyrirtækjapátt á þingi sínu í maí 1996
 - Markmið: „að efla samstarf starfsfólks og stjórnenda á vinnustað með það fyrir augum að skapa forsendur fyrir bættum kjörum starfsfólks með aukinni framleiðni”
 - Sjálfstætt markmið að „ávinningur skiptist milli starfsmanna og fyrirtækis eftir skýrum forsendum”



Atvinna fyrir alla



Form

- Trúnaðarmenn stéttarféлага skulu vera í forsvari fyrir starfsmenn
 - Geta látið kjósa 2-5 til viðbótar í samninganefnd
 - Njóta sérstakrar verndar í starfi Geta leitað aðstoðar og ráðgjafar stéttarfélaganna
- Fyrirtæki skylt að upplýsa þá um stöðu, framtíðarhorfur og starfsmannastefnu fyrirtækisins
- Trúnaðarmaður á rétt á upplýsingum um launagreiðslur á sínum vinnustað
- Fyrirtækjasamningur afgreiddur á vinnustað, en „hlutaðeigandi stéttarfélag skal ganga úr skugga um að umsamin frávik og endurgjald fyrir þau, heildstætt metið, standist ákvæði laga og kjarasamninga um lágmarkskjör”



Atvinna fyrir alla



Innihald

- Heimil frávik:
 - Dagvinnutímabil getur legið milli 07-19
 - Hægt að ljúka viku á 4 dögum, ef lög og samningar hamla ekki (hvíldartímaákvæði)
 - Vaktavinna
 - Tilfærsla milli yfirvinnu og dagvinnu
 - Orlof af yfirvinnu
 - Neysluhlé
 - Orlof
 - Afkastahvetjandi launakerfi án vinnurannsókna
 - Tilfærsla fimmtudagsfría.
- Frávik „umfram ofangreint aðeins heimilt með samþykki viðkomandi stéttarféлага og samtaka vinnuveitenda”



Atvinna fyrir alla



Engin deila um fyrirtækjapátt kjarasamninga!

Fram til þessa áratuga hefð innan ASÍ að aðlaga
rammasamninga að þörfum starfsmanna og
fyrirtækja með sérkjarasamningum

Grundvallaratriði að það sé þáttur í skipulögðum
vinnumarkaði með þátttöku stéttarféлага þar sem
virðing er borin fyrir lágmarkskjörum launafólks



Atvinna fyrir alla



Deilan við Brim

- Tillaga frá Brim að fyrirtækjasamningi um frávík frá aðalkjarasamningi vegna tveggja atriða
- Þessari tillögu var hafnað af hálfu SSÍ, en sjómenn hafa verið sammingslausir frá áramótum, og ekkert hefur gengið í viðræðum
- Brim fer sínu fram og stofnar sérstakt hlutafélag um eitt skip og „hvetur” starfsmenn til að vera utan stéttarféлага





Verkalýðshreyfingin bregst hart við

- Grundvallarmarkmið stéttarféлага er að koma í veg fyrir nákvæmlega þetta, að einn atvinnurekandi deili og drottni yfir kjörum og aðbúnaði í krafti beinna eða óbeinna hótanna um atvinnu- og/eða tekjumissi
- Kjarasamningar gilda sem lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein, líka gagnvart fyrirtækjum utan samtaka atvinnurekenda og launafólks utan stéttarféлага
- Óviðunandi að skipulagi á vinnumarkaði sé kastað til hliðar vegna skammtímahagsmuna eins útgerðarmanns
- Munum mæta þessu af fullri hörku með því sem til þarf!



Atvinna fyrir alla



Smá dæmi!

- Útgerðarmaður vill hagræða og spyr í áhöfnina frá Eyri (þar sem fátt er um aðra vinnu að hafa) sem stödd er í borðsalnum:
 - Jæja strákar við höfum tvo kosti;
 - Ég get selt skipið eða lagt því og þið farið í land
 - eða ég get fært helling af þorskkvóta á skipið, þið veitt eins og þið getið, en þá verð ég að víkja þessu og hinu til hliðar í kjarasamningi ykkar
 - Hvað finnst ykkur?

